

Nr. 089 / 12 Ægir / Þór**Ásigling í höfn****Ægir**

Skipaskr.nr. 1066 IMO.nr. 6821585
Smíðaður: Danmörk 1968, stál
Stærð: 959 brl. 1.258 bt.
Mesta lengd: 70,1 m Skráð lengd: 64,9 m
Breidd: 10 m Dýpt: 8,1 m
Vél: MAN 6330 kW, 1968
Fjöldi skipverja:



Ægir©Hilmar Snorrason

Þór

Skipaskr.nr. 2769 IMO.nr. 9426893
Smíðaður: Chile 2011, stál
Stærð: 3.920 BT
Mesta lengd: 93,8 m Skráð lengd: 84,69 m
Breidd: 16 m Dýpt: 7,2 m
Vél: Rolls Royce 9000 kW, 2008
Fjöldi skipverja:



Þór©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. júlí 2012 var varðskipið Ægir við bryggju í Reykjavík. Veður: NNA 10-12 m/s.

Varðskipin, Þór, Týr og Ægir lágu í þessari röð samhliða við Faxagarð og var Þór við bryggjuna en unnið var að brottför hans úr höfn. Bæði Þór og Ægir voru með vélar í gangi þegar landfestum Þórs var sleppt og þverskrúfur hans ræstar. Skipin sigu afturábak í átt að skipum sem lágu aftan við þau þrátt fyrir að vera með skrufuskrúð áfram. Aukið var við skurð á skrufum Þórs til að forða árekstri við sjómælingabátinn Baldur. Við það óx aftur skrið Týs og Ægis og var því aukinn skurður á báðar skrufur Ægis en þrátt fyrir það tókst ekki að stöðva skrið skipanna svo bakborðs afturhorn Ægis rakst á bóg skólaskipsins Sæbjargar 1627 og stjórnborðs afturhorn Týs lenti aftan til á stjórnborðssíðu sm/b Baldurs 2074.



Týr, Sæbjörg og Baldur©Hilmar Snorrason

Málningarprammi var fyrir aftan Þór og vegna skrúfuvatns frá honum lenti hann undir skutpalli sm/b. Baldurs og maraði í kafi eftir það. Litlar skemmdir urðu á varðskipunum en einhverjar skemmdir á Sæbjörgu og Baldri og var málningarpramminn hífður upp á bryggjuna óskemmdur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.